

Fundur í stjórn foreldrafélags Borgarhólsskóla 6.mars 2012.

Mættir: Erna Björnsdóttir, Friðrika Baldvinsdóttir, Katrín Laufdal, Sigrún Birna Árnadóttir.

1. Fá fulltrúa í stjórn foreldrafélagsins í stað Erlu Daggar Ásgeirsdóttur sem er í fæðingarorlofi. Biðja skólaritara að senda tölvupóst á foreldra og óska eftir fulltrúa í stjórn. Erna tekur að sér að hafa samband við skólaritara.
2. Birta fundargerðir stjórnar á vef skólans. Ritari stjórnar sendi samþykktar fundargerðir til skólaritara til birtingar á heimasíðu skólans.
3. Fjáröflun fyrir foreldrafélagið. Athuga hvort foreldrafélagið fái aðgang að sal skólans á hreinsunardaginn í vor og geti staðið fyrir flóamarkaði. Félagið leigi út borð til þeirra sem vilja koma með varning til sölu. Sigrún Birna tekur að sér að kanna með aðgang félgsins að salnum.
4. Skipun fulltrúa í skólaráð Borgarhólsskóla. Stjórn foreldrafélagsins tilnefnir Ernu Björnsdóttur í skólaráð Borgarhólsskóla. Leitað er eftir öðrum fulltrúa úr hópi foreldrafulltrúa skólans. Katrín tekur að sér að hafa samband við foreldrafulltrúa.
5. Fyrirlestur um næringu barna og unglunga. Leita eftir samstarfi við íþróttafélagið Völsung um að fá fyrirlesara til að fjall um næringu barna og unglunga á sameiginlegu fundi. Stefnum á fund 27 mars. Friðrika tekur að sér að hafa samband við formann Völsungs og vinna í því að finna fyrirlesara.
6. Fundur á vegum foreldrafélagsins, kynning á sérverkefnum sem verið er að vinna í Borgarhólsskóla. Kynning frá skólanum og kaffiveitingar frá foreldrafélaginu. Friðrika tekur að sér að hafa samband við skólastjóra vegna tímasetningar.